

## Skýrsla svæðisstjóra Grettissvæðis

Ágætu Kiwanisfélagar

Starfsemi klúbbanna í Grettissvæði hefur verið mjög gott á þessu starfsári 2010-2011.

Allir klúbbarnir hafa staðið sig vel í skilum á skýrslum sem er 100%, mæting hjá klúbbunum hefur verið góð, að meðaltali 65 – 83% á fundi. Skjöldur á Siglufirði tók inn 4 nýja féлага á starfsárinu sem er frábær árangur. Einn félagi féll frá Þórhallur Daníelsson úr Skildi á Siglufirði.

Klúbbarnir hafa unnið ötullega að styrktarverkefnum og öðrum verkefnum í sínu bæjarfélagi og eru góðar fyrirmyndir samborgara sinna og Kiwanishreyfingunni til mikils sóma.

Við í Grettissvæði höfum haldið þrjá svæðisráðsfundi á starfsárinu sem allir tókust mjög vel og síðasti fundurinn sem haldinn var á Siglufirði var sérstakur að því leiti að hann héldum við sameiginlega með Óðinssvæði, fundurinn var fjölmennur og skemmtilegur og tókst í alla staði vel.

Á starfsárinu heimsótti ég klúbbana minnst tvisvar og hef verið í sambandi við þá yfir allt starfsárið og get staðfest að starfið innan klúbbana er mjög gott. Í samskiptum mínum við kiwanisfólk hef ég oft rætt um fjölgun í hreyfinguna og hvað sé til ráða, er það skoðun mín að besta leiðin sé að hafa gaman að starfinu og að reyna að hafa kiwanisstarfið skemmtilegt. Ekki að falla í of mikla formfestu reglna vegna því það fæli væntanlega nýja féлага frá en halda samt virðingu hreyfingarinnar á lofti. Ef það er gaman af starfinu þá smitar það út frá sér til annarra og nýjir félagar vilja koma til starfa.

Þetta starfsár sem nú er að lokum komið, er einnig síðasta starfsár Grettissvæðis. Skipulagsbreyting var ákveðin hjá Umdæminu og fara klúbbarnir Drangey og Skjöldur í Óðinssvæði en Mosfell fer í Sögusvæði. Starfið í Grettissvæði hefur verið mjög öflugt og á ég eftir að sakna samstarfsins við góða féлага okkar í Drangey og Skildi, en þá á ég örugglega eftir hitta oft og eiga sem vini til framtíðar. Það er líka tilhlökkun að fara með Mosfelli í nýtt svæði, heimsækja nýja staði og kynnast nýjum félögum sem verður eflaust mjög gaman.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri og þakka öllum félögum í Grettissvæði fyrir frábærar viðtökur og samstarfið á þessu síðasta starfsári.

Með Kiwaniskveðju

Erlendur Örn Fjeldsted

Svæðisstjóri Grettissvæðis